

TÓNLISTARMIÐSTÖÐ

Skýrsla starfshóps

skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra
á Degi íslenskrar tónlistar þann 1. desember 2020

Formáli

Ekki þarf að fjölyrða um gildi tónlistar í samfélagi okkar. Þrátt fyrir boð og bönn fyrri alda hefur þróun íslenskrar tónlistar verið ævintýraleg á undangengnum áratugum og vegur Íslands sem skapandi menningarþjóðar vaxið í samræmi við ómældar vegsemdir íslenskrar tónlistar, innan lands sem utan.

Fleyg eru hins vegar ummæli Davitt Sigerson forstjóra EMI þegar hann var spurður um íslenskan tónlistariðnað:

„Íslensk tónlist er svo sannarlega til, en íslenskur tónlistariðnaður ekki.“

Það er vissulega umhugsunarefni þegar grasrót tónlistarinnar hefur verið vökvuð að því marki að þegar upp spretta glæstir sprotar, eru þeir jafnan hrifsaðir upp og komið í erlenda moldu þar sem fyrir eru innviðir og iðnaður sem hlúir að og hámarkar möguleika viðkomandi tónlistarfólks til að blómstra og vaxa. Hagkerfum viðkomandi hefur þar með verið komið fyrir utan Íslands og án þeirra margfeldisáhrifa sem dygðu til að byggja upp blómlegan tónlistariðnað hérlendis, rétt eins og allar helstu nágrannaþjóðir okkar búa við.

Vægi tónlistar hefur í gegnum tíðina mælst í efstu lögum hagkerfa Svíþjóðar, Þýskalands, Bretlands og fjölmargra þjóða sem borið hafa gæfu til þess að skapa tónlistarlífi sínu forsendur til hagvaxtar – rétt eins og Íslendingar hafa búið flestum öðrum atvinnu- og iðngreinum sínum.

Skýrsla OECD sem gefin var út haustið 2020 undir nafninu *Culture shock: COVID-19 and the cultural and creative sectors*, leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að styðja við uppbyggingu menningar og skapandi greina á vegferð okkar til framtíðar.

„Going forward, cities and regions may consider cultural and creative sectors as well as cultural participation as a driver of social impact in its own right and throughout the economy. The sector is already an economic driver and source of innovation. " (OECD, 2020)

Öflug íslensk **Tónlistarmiðstöð** getur breytt viðvarandi vörn í kröftuga sókn í þessum efnum. Tónlistartengd velta íslenska hagkerfisins er gríðarleg og af fjölþættum toga og mætti í því samhengi nefna að söluandvirði aðgöngumiða á tónleika og tónlistarhátíðir á Íslandi árið 2019 nam liðlega þremur milljörðum króna.

Sá starfshópur um **Tónlistarmiðstöð** sem skipaður var af **mennta- og menningarmálaráðherra** á **Degi íslenskrar tónlistar** í desember 2020 hefur unnið ötullega að rannsóknarvinnu og framtíðarsýn er skipta mun sköpum.

Starfshópurinn hefur notið ráðgjafar fjölmargra aðila, innan lands og utan, þ.m.t. **Jóns Óskars Hallgrímssonar**, skrifstofu- og fjármálastjóra **Kvikmyndamiðstöðvar**, en hið náskylda

ferli tónlistarstarfseminnar sem kvikmyndagerðin er, hefur blómstrað um árabil, fyrst í **skjóli Kvikmyndasjóðs** sem stofnaður var 1978 og síðan **Kvikmyndamiðstöðvar** frá árinu 2001.

Fjármögnun **Kvikmyndasjóðs** átti sér stað með **andvirði söluskatts** af afrakstri kvikmynda og kvikmyndahúsastarfsemi. Við undirbúning **Tónlistarmiðstöðvar** er stuðst við sömu forsendur og að **Tónlistarmiðstöð** og **það sjóðakerfi íslenskrar tónlistar sem hér er lagt til**, verði kostað af **andvirði virðisaukaskatts af tónlistarstarfsemi** hérlendis.

Líkt og við stofnun **Kvikmyndasjóðs** gilda hér einnig þau sterku rök, að um brýna og mikilvæga **ræktun og varðveislu íslenskrar tungu og menningar** sé að ræða.

Það sem hér fer á eftir speglar niðurstöður og tilmæli starfshóps um **Tónlistarmiðstöð** - í máli og myndum.

Reykjavík 1. mars 2021

Virðingarfyllt,

Jakob Frímann Magnússon, formaður starfshópsins

Bragi Valdimar Skúlason, formaður SAMTÓNS, STEFs og FTT

Bryndís Jónatansdóttir, yfirverkefnastjóri Iceland Music (ÚTÓN)

Eiður Arnarsson, framkvæmdastjóri FHF, Félags hljómplötuframleiðenda

Gunnar Hrafnsson, fulltrúi BÍL og formaður FÍH

María Rut Reynisdóttir, verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur

Valgerður Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenskrar tónverkamiðstöðvar

Baldur Þórir Guðmundsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Sólrún Sumarliðadóttir, áfangastjóri Menntaskóla í tónlist og ritari starfshópsins

Starfshópur og aðferðafræði

Þátttakendur starfshóps eru fulltrúar fjölbreyttra hagsmunaaðila í tónlistarlífi landsins og ólík sjónarmið og áherslur þeirra komu fram í vinnu starfshópsins.

Haldnir voru 12 vinnufundir á tímabilinu 11. janúar 2021 til 3. mars 2021, auk 4 funda í smærri vinnuhópum um afmörkuð verkefni. Á milli vinnufunda skipti starfshópurinn með sér verkum þar sem hver og einn aflaði upplýsinga skv. sérþekkingu á þeim sviðum sem unnið var með. Niðurstöður þeirrar rannsóknarvinnu voru vandlega yfirfarnar á vinnufundum hópsins og sameiginlegum niðurstöðum náð. Einnig var skipaður vinnuhópur sem fékk endurskipulagningu sjóðaumhverfis til umfjöllunar. Sá hópur fundaði sérstaklega og lagði fram drög að endurskipulagningu sjóðaumhverfis til umfjöllunar fyrir starfshópinn.

Ýmis gögn lágu til grundvallar vinnu starfshópsins, og verða þau hjálögð sem fylgigögn skýrslunnar.

- Ályktun stjórna Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar
- Skilagrein starfshóps um Tónlistarborgina Reykjavík
- Skýrslan *Áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað*
- Skýrsla úr CISION um virði umfjöllunar um íslenska tónlist og -tónlistarfólks
- *Culture shock: COVID-19 and the cultural and creative sectors* (OECD)
- Önnur gögn er varða efni skýrslunnar

Markmið

Markmið starfshópsins skv. skipunarbréfi frá 1. desember 2020 er að rýna umhverfi tónlistargeirans á Íslandi, skoða hvernig stuðnings- og sjóðakerfi tónlistar verði best skipulagt, leggja drög að tónlistarstefnu og skilgreina hlutverk og ramma Tónlistarmiðstöðvar, sem ráðgert er að setja á laggirnar. Mælt var til þess að starfshópurinn lyki störfum eigi síðar en 1. mars 2021.

Á fyrsta vinnufundi þann 11. janúar voru dregnar eftirfarandi ályktanir:

- Langtímahugsun og samvinna skuli höfð að leiðarljósi við vinnu starfshóps.
- Markmið, hlutverk og skipulag Tónlistarmiðstöðvar skuli vera skýr og endurspegla fjölbreytni tónlistargeirans. Mikilvægt að teikna upp nútímalegt og hvetjandi umhverfi fyrir íslenskt tónlistarlíf er speglast skuli í nýrri Tónlistarmiðstöð.
- Tónlist á að vera fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein. Nýjar kynslóðir þurfa að finna þar starfsöryggi og sjá þar möguleika og tækifæri til að vinna að list sinni.

- Samræma þarf og samstillta tilvist tónlistarlífs á Íslandi, bæði sem listforms, atvinnulífs og iðnaðar, með virku samtali hagaðila.
- Styðja þarf við uppbyggingu sprota, hlúa að ferli listafólks til lengri tíma og tryggja fjölbreytni og stóraukna grósku í íslenskum tónlistariðnaði.
- Tryggja þarf miðstöðinni fjármagn og örugg starfsskilyrði. Hún þarf að vera raunverulegur miðpunktur tónlistariðnaðarins og skýr tengipunktur við stjórnvöld.
- Mikilvægt er að Tónlistarmiðstöð hýsi miðlægan grunn um allar tölulegar upplýsingar um tónlistina og tónlistarlífið á Íslandi.
- Heildarendurskoðunar er þörf á sjóðakerfi tónlistarinnar. Auka þarf fjármagn og einfalda styrkjaumhverfi, ásamt því að tryggja betur almenna eftirfylgni varðandi árangur og efndir verkefna sem hljóta styrki.
- Tónlistarmiðstöð skal stuðla að auknu samstarfi innlendra fyrirtækja og erlendra, veita ráðgjöf varðandi fjáröflun til tónlistarverkefna, bæði frá einkaaðilum og opinberum sjóðum.
- Tónlistarmiðstöð sinnir umsýslu tónverka og vinnur að kynningu þeirra
- Tónlistarmiðstöð skal með starfi sínu veita greininni aukna kjölfestu og trúverðugleika, og greiða leið íslensks tónlistarfólks innan lands sem utan.
- Starfshópurinn vekur athygli á því að málefni tónlistar eru ekki síður til lagasetningar fallin en málefni kvikmynda, sviðslista og myndlistar. Lög um málefni tónlistar myndu formfesta aðkomu stjórnvalda að tónlistarumhverfinu, veita ákveðinn stöðugleika og styðja við stefnumótun á því sviði. Starfshópurinn leggur þess vegna eindregið til að hafin verði smíði **frumvarps til Tónlistarlaga** sem meðal annars myndi skilgreina aðkomu stjórnvalda að Tónlistarmiðstöð, Tónlistarsjóði og tónlistarstefnu, þeim þremur þáttum sem starfshópnum var falið að fjalla um.

Starfshópur ályktaði einnig að í ljósi gefins tímaramma yrðu umbeðin drög að tónlistarstefnu almenn fremur en ítarleg. Vinna starfshópsins snýr því fyrst og fremst að tillögum er varða sjálfa Tónlistarmiðstöðina en jafnframt endurskipulagningu opinberra styrkjakerfa tónlistarlífsins.

Erlendar fyrirmyndir

Snemma í vinnuferli hópsins var tekin ákvörðun um að leita fyrirmynda í sambærilegum stofnunum, einkum á hinum Norðurlöndunum.

Starfshópurinn fékk kynningu hjá Kaisu Rönkkö, forstöðumanni Music Finland, um starfsemi þeirrar stofnunar, en einnig var litið til stofnana í Noregi (Music Norway), Svíþjóð (Export Music Sweden) og Danmörku (Music Export Denmark). Einnig var norrænu tónlistarskrifstofunum send könnun á verkefnum, áherslum og rekstrarformi.

Ýmislegt gagnlegt kom fram við þessa yfirferð, en starfshópurinn áttaði sig einnig á því að áherslur íslenskrar tónlistarmiðstöðvar yrðu að því leyti frábrugðnar þeim erlendu að mun meiri þunga þarf í uppbyggingu tónlistartengdra innviða hér á landi en í samanburðarlöndunum. Kraftur tónlistarlífsins á Íslandi er síst minni hér en á hinum Norðurlöndunum, en hið sama er ekki hægt að segja um innviði tónlistarlífs og tónlistariðnaðar.

Tónlistarmiðstöð Íslands

Það er álit starfshóps að Tónlistarmiðstöð geti orðið einn af hornsteinum íslensks tónlistarlífs og tónlistariðnaðar. Það er grundvallaratriði að styrkja innviði tónlistariðnaðar á Íslandi til þess að hér geti dafnað sá blómlegi atvinnuvegur sem íslensk tónlistarstarfsemi hefur alla burði til þess að vera. Tónlist hefur um árabil verið mikilvægt framlag til ímyndar lands og þjóðar. Þess má geta að virði umfjöllunar um íslenska tónlist og tónlistarfólk á alþjóðavettvangi nam um 7 milljörðum króna árið 2020 skv. skýrslu CISION.

Í stofnun Tónlistarmiðstöðvar felst skuldbinding um að gera gott mun betra.

Eftir ítarlega vinnu starfshóps við kortlagningu og þarfagreiningu á íslensku tónlistarlífi, með sérstaka áherslu á tónlist sem atvinnugrein og iðnað, er tillaga starfshópsins sú að kjarnastarfsemi Tónlistarmiðstöðvar skiptist milli þriggja sviða:

1. **INNTÓNs**, þar sem uppbygging og stuðningur við tónlistarstarfsemi sem iðnaðar og atvinnugreinar fer fram
2. **ÚTÓNs**, þar sem stuðningur við útflutningsverkefni allra tónlistargreina fer fram
3. **TÓNVERKS**, þar sem skráning, umsýsla og miðlun íslenskra tónverka fer fram

Við hvert kjarnasvið verði skipað fagráð til ráðgjafar. Fagráð verði skipað sérfræðingum á breiðum grundvelli og væri til ráðgjafar í stærri álitamálum sem koma inn á borð tónlistarmiðstöðvar.

Tvö kjarnasvið Tónlistarmiðstöðvar byggja í dag á starfi ÚTÓNs og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar sem mælt er með að sameinist starfsemi Tónlistarmiðstöðvar og fái þar með tækifæri til að eflast og vaxa í heildrænu samhengi við aðra fyrirhugaða starfsemi miðstöðvarinnar. Starfshópurinn sér stóraukin samlegðaráhrif í því fyrirkomulagi sem hér er

lagt til. Samlegðaráhrifin eru í senn verkefnaleg og rekstrarleg, en velta þó á auknu fjárframlagi til reksturs hinnar nýju Tónlistarmiðstöðvar.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) var stofnuð í desember 2006 sem markaðsskrifstofa sem styður við íslenskt tónlistarfólk og tónlistartengd fyrirtæki í útrás. Tilgangur ÚTÓN er að efla og skapa sóknarfæri fyrir rétthafa íslenskrar tónlistar og styðja við uppbyggingu tónlistariðnaðar á Íslandi. Markmið skrifstofunnar er að auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarútrás til að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum. ÚTÓN sinnir öflugum kynningarstarfi og tekur þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Samkvæmt tillögum starfshópsins verður megintilgangur og starfsemi ÚTÓN inntakið í samnefndu kjarnasviði Tónlistarmiðstöðvar. Stjórn ÚTÓN tekur ákvörðun um breytingar á fyrirkomulagi miðstöðvarinnar.

Íslensk tónverkamiðstöð (ÍTM) var stofnuð í febrúar árið 1968 og hefur nótnaumsýsla samtímatónverka verið í höndum hennar allar götur síðan ásamt því að sinna fleiri verkefnum tengdum tónverkum og starfsumhverfi tónskálda. Samkvæmt tillögu starfshópsins er ráðgert að starfsemi Tónverkamiðstöðvar sem snýr að umsýslu tónverka myndi eitt kjarnasviða Tónlistarmiðstöðvar. Kynningarstarf tengt íslenskum tónverkum og tónskáldum verður áfram mikilvægur hluti af starfseminni ásamt upplýsingagjöf og þjónustu við m.a. tónskáld og flytjendur eins og verið hefur. Stjórnir ÍTM og Tónskáldafélags Íslands (TÍ) ályktuðu um fyrirhugaðan flutning á starfsemi Tónverkamiðstöðvar (sjá fylgiskjal). Endanleg ákvörðun um meiriháttar breytingar á starfsemi félagsins er í höndum aðalfundar ÍTM.

Bæði ÚTÓN og ÍTM sinna aðgreindum verkefnum sem hafa gefið góðan árangur og með tímanum hefur orðið til ákveðin sérhæfing hjá miðstöðvunum. Við stofnun Tónlistarmiðstöðvar verður að gæta vel að því að sú sérhæfing og þekking tapist ekki, heldur fylgi með verkefnum inn í hina nýju miðstöð.

Þriðja kjarnasviðið, **INNTÓN**, hefur ekki verið formlega til í skipulagi þeirra tónlistarmiðstöðva sem starfandi eru í dag. Hins vegar hefur þörf fyrir ráðgjöf og fræðslu, ásamt ákalli um stuðning við frumkvöðla- og sprotaverkefni auk uppbyggingu innviða, sýnt að brún þörf er á starfsemi sem einbeitir sér að slíkum verkefnum innanlands. INNTÓN er hugsað sem kröftug og nauðsynleg innspýting í það mikilvæga verkefni að byggja upp blómlegan tónlistariðnað hérlandis. Á vettvangi INNTÓNs færi fram áreiðanlegur og faglegur stuðningur við þroska og þróunar tónlistarfólks og annarra sem starfa við tónlistartengd störf í landinu. Deildin myndi einnig styðja við aukin tengsl og samstarf milli höfuðborgar og landsbyggðar á vettvangi tónlistar.


Þvert á kjarnasviðin þrjú leggur starfshópurinn til að starfi **stoðdeild** sem sinnir fjármálum og markaðs- og kynningarmálum miðstöðvarinnar. Starfshópurinn leggur til að stoðdeild hafi einnig frumkvæði að og umsjón með tölfræðirannsóknnum og kalli eftir mun ítarlegri hagtölum og tölfræðiúrvinnslu Hagstofunnar um tónlistartengd mál.

Mjög skortir á að tölfræðiupplýsingar um tónlistargeirann séu aðgengilegar, en slíkt er forsenda þess að hægt sé að árangursmæla verkefni og taka upplýst skref í uppbyggingarstarfi.

Lagt er til að Tónlistarmiðstöð hafi einnig umsjón með **ferðasjóði** sem veitir ferðastyrki til tónlistarverkefna innanlands og erlendis. Hér verði um að ræða gegnumstreymissjóð með mjög skýrt afmörkuðum umsóknarskilyrðum. Úthlutunarnefnd verði skipuð þremur aðalfulltrúum og þremur til vara.

Einnig er lagt til að Tónlistarmiðstöð hafi umsjón með ákveðnum **sérverkefnum**, t.a.m. Degi íslenskrar tónlistar og Íslensku tónlistarverðlaununum.

Tillögu starfshóps að uppbyggingu Tónlistarmiðstöðvar má sjá á eftirfarandi skýringarmynd:



Rekstrarform Tónlistarmiðstöðvar

Í starfshópnum komu fram þau sjónarmið að Tónlistarmiðstöð gæti ræktað hlutverk sín af kostgæfni hvort sem um væri að ræða sjálfseignarstofnun eða ríkisstofnun. Ef um sjálfseignarstofnun verður að ræða yrði hagaðilum boðið að gerast stofnaðilar. Stofnaðilar hafa ekki tilkall til starfsemi eða verkefna miðstöðvarinnar að öðru leyti en að standa að stofnun hennar. Hagaðilar eru:

1. Höfundar
2. Flytjendur
3. Útgefendur/framleiðendur
4. Tónleikahaldarar
5. Rekstraraðilar tónleikastaða
6. Rekstraraðilar hljóðvera, æfingabúða og tónlistarklasa
7. Rekstraraðilar tónlistarskóla og -námskeiða

Lagt er til að Tónlistarmiðstöð og nýr Tónlistarsjóður verði kostuð af andvirði virðisaukaskatts af tónlistarstarfsemi sem á ársgrundvelli reiknast til að vera um 830 milljónir króna. Sjá nánar í kafla um fjármögnun.

Kostnaðarmat Tónlistarmiðstöðvar

Við mat á fjárþörf nýrrar tónlistarmiðstöðvar var horft til meðaltals launa hjá samtökum og félögum eins og þau birtast í reiknivél VR.

Reiknað er með 9 starfsgildum verkefnisstjóra með háskólamenntun og einu starfsgildi forstöðumanns/framkvæmdastjóra.

Gert er ráð fyrir að fé til rekstrar og starfsemi Tónlistarmiðstöðvar verði greitt af rekstrarstyrk ráðuneyta, sjálfsaflafé og öðrum tekjum sem greint verður frá í samþykktum miðstöðvarinnar.

| Tónlistarmiðstöð - fjárhagsáætlun | | | | | |
|-----------------------------------|--------------------------|--------|------------------|------------------|--------------------|
| Kostnaður | | | | | |
| | Laun og launatengd gjöld | Eining | Áætlun @ | Pr. Mán | 12 mán. |
| LAUN | Laun verkefnisstjóra | 9 | 638,400 | 5,745,600 | 68,947,200 |
| LAUN | Laun forstöðumanns | 1 | 946,856 | 946,856 | 11,362,272 |
| LAUN | Launatengd gjöld | | 475,577 | 2,007,737 | 24,092,842 |
| | Launakostnaður | | 520,000 | 8,700,193 | 104,402,314 |
| Rekstur | | | | | |
| | Húsnæðiskostnaður | 12 | 1,500,000 | 1,500,000 | 18,000,000 |
| | Skrifstofukostnaður | 12 | 500,000 | 500,000 | 6,000,000 |
| | Sérverkefni | | | | 20,000,000 |
| | Verkefnafé | 12 | - | 6,000,000 | 72,000,000 |
| | Rekstrarkostnaður | | 2,000,000 | 8,000,000 | 116,000,000 |
| | | | | | 220,402,314 |

Fjármögnun

Árlegar tekjur ríkissjóðs af innheimtu virðisaukaskatts af þeirri tónlistarstarfsemi sem ber VSK eru áætlaðar um 830 milljónir króna sem eru rúm 10% af áætlaðri heildarveltu þeirrar tónlistarstarfsemi skv. meðfylgjandi yfirliti. Margt er þar þó undanskilið.

Starfshópurinn lagði þess vegna upp með að andvirði virðisaukaskatts á tónlistarstarfsemi renni bæði til úthlutunar úr Tónlistarsjóði og til starfsemi Tónlistarmiðstöðvar.

Samantekt á veltu og innheimtu VSK af neðangreindri tónlistarstarfsemi

| Hljóðrit og hljóðritun | Heildarvelta | Þar af VSK | Heimild |
|---|----------------------|--------------------|---|
| Spotify og aðrar tónlistarveitur 2020 | 2,150,000,000 | 211,083,000 | Áætlun FHF |
| Smásala - CD og vinyll 2020 | 200,000,000 | 19,820,000 | Áætlun FHF |
| Hljóðver og tæknimenn í hljóðverum | 120,000,000 | 23,616,000 | Áætlun EA að teknu tilliti til endurgreidsins ANR |
| Hönnudir - umslög og ýmislegt markaðsefni | 15,000,000 | 2,952,000 | Áætlun EA |
| Hljóðfæraverslanir | Heildarvelta | Þar af VSK | Heimild |
| Hljóðfærarhúsid/Tónabúðin 2020 | 675,000,000 | 132,840,000 | Hljóðfærarhúsid/Tónabúðin |
| Tónastöðin 2020 | 455,000,000 | 89,544,000 | Tónastöðin |
| Rín 2020 | 100,000,000 | 19,680,000 | Rín/HljóðX |
| Aðrar hljóðfæraverslanir 2020 | 75,000,000 | 14,760,000 | Áætlun EA |
| Tækjaleigur - Útleiga búnaðar og vinnu - og smásala vegna tónlistar/tónleika | Heildarvelta | Þar af VSK | Heimild |
| Exton - 2019 | 275,000,000 | 54,120,000 | Exton |
| Luxor - 2019 | 137,500,000 | 27,060,000 | Áætlun EA - 50% af Exton |
| HljóðX - 2019 | 130,000,000 | 25,584,000 | HljóðX |
| Aðrar tækjaleigur og sjálfstætt starfandi tæknimenn - 2019 | 65,000,000 | 12,792,000 | Áætlun EA |
| Tónleikar | Heildarvelta | Þar af VSK | Heimild |
| Tónleikauglýsingar - VSK af birtingum í fjölmiðlum | 110,000,000 | 21,648,000 | Áætlun EA í samráði stóra tónleikahaldara |
| Harpa - Tónleikar - Útleiga búnaðar, aðstöðu og tæknimanna | 520,000,000 | 102,336,000 | Harpa |
| Aðrir tónleikastaðir - Útleiga búnaðar, aðstöðu og tæknimanna | 200,000,000 | 39,360,000 | Áætlun EA |
| Aðgöngumiðar á tónleika - VSK af 5% þóknun 3 milljarða kr veltu | 3,000,000,000 | 35,000,000 | Hagstofa / Tix.is / EA |
| Samtals áætlud velta af þeirri tónlistarstarfsemi sem getid er hér | 8,207,500,000 | 832,195,000 | Áætlud heildarinnheimta VSK af ofangreindu |

Í ofangreindri samantekt er ekki litið til annarra þátta sem þó tengjast sumir hverjir tónlist og neyslu hennar afar sterklega. Til að mynda sölu á hljómtækjum af öllum toga, farsímum, tónlistartengdum varningi, sölu veitinga á tónleikum ofl. ofl. Mjög stór hluti tónlistarstarfseminnar er raunar undanþeginn VSK og er öllum slíkum þáttum sleppt í þessari samantekt.

Það er til marks um skort á hagrænum upplýsingum um tónlistariðnaðinn að þegar leitað var til Hagstofunnar eftir þeim upplýsingum sem koma fram í töflunni hér að ofan var fátt um svör. Hagstofa Íslands tekur aðeins að litlu leyti saman slíkar upplýsingar um tónlistariðnaðinn.

Þegar bornir eru saman styrkjámöguleikar og - upphæðir annarra atvinnuvega sem hafa verið í örri þróun og mikilli uppbyggingu undanfarin ár, svo sem ferðamannaíðnaðarins og nýsköpunargeirans, er ekki hjá því komist að taka eftir því að tónlistargeirinn hefur setið eftir og í raun staðið í stað árum saman. Það hefur leitt til þess að hagkerfi okkar þekktasta

tónlistarfólks, sem kallar á mikla umsýslu og þekkingu, hefur flust til landa þar sem þróaðir hafa verið innviðir öflugss tónlistariðnaðar, sbr. tilvitnun í formála „Íslensk tónlist er svo sannarlega til en íslenskur tónlistariðnaður ekki“.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá samanburð nokkurra sjóða og þar kemur berlega í ljós hin ólíka afstaða sem liggur að baki sjóðunum. Núverandi sjóðir tónlistar eru talsvert rýrari en hinir sjóðirnir. Úr fjölda styrkja og meðaltalsupphæð styrkja sjóða tónlistar má greina þá úthlutunarstefnu að styðja mörg verkefni um mjög lága upphæð á meðan aðrir sjóðir styðja færri verkefni um hærri fjárhæðir. Þannig má draga þá ályktun að ekki sé litið á tónlistarverkefni sem atvinnustarfsemi heldur er nær lagi að um hvatningarstyrki sé að ræða. Ástæða þess að neðangreindir sjóðir voru valdir til samanburðar er að hlutverk þeirra samræmist að miklu leyti þeim markmiðum sem lögð hafa verið fram fyrir tónlistariðnaðinn sem varða innviðauppbyggingu og stuðning við sprotafyrirtæki.

| | 2019 | | | | | | | |
|----------------------------------|----------------|--------------------|----------------|----------------|-------------------|------------------|---------------------|---------------------------------|
| | Fjöldi umsókna | Umsótt fjárhæð | Meðal umsókn | Fjöldi styrkja | Úthlutun | Árangur - upphæð | Meðalupphæð styrkja | Meðalupphæð - umsókn vs styrkur |
| Tækniþróunarsjóður | 248 | n/a | n/a | 80 | 1,140,000,00 | n/a | 14,250,000 | n/a |
| Innviðasjóður | 66 | 740,000,000 | 11,212,121 | 26 | 291,759,000 | 39% | 11,221,500 | 100% |
| Framkvæmdasjóður ferðamannastaða | n/a | n/a | n/a | 40 | 505,000,000 | n/a | 12,625,000 | n/a |
| Atvinnuleikhópar | 86 | 469,000,000 | 5,453,488 | 19 | 99,000,000 | 21% | 5,210,526 | 96% |
| Tónlistarsjóður | 256 | 253,000,000 | 988,281 | 120 | 44,000,000 | 17% | 366,667 | 37% |
| Hljóðritasjóður | 218 | 185,609,065 | 851,418 | 127 | 38,125,000 | 21% | 300,197 | 35% |
| Sjóðir tónlistar samtals | 474 | 438,609,065 | 925,336 | 247 | 82,125,000 | 19% | 332,490 | 36% |
| Tónlistarsjóður - samningar | | | | 6 | 25,000,000 | | 4,166,667 | |

Nýr Tónlistarsjóður

Greining á núverandi sjóðaumhverfi leiddi starfshóp að þeirri niðurstöðu að ýmislegt væri þar gott og þjónaði tónlistarlífinu vel upp að vissu marki, en að margt væri afar brýnt að endurskoða. **Má þar nefna sem dæmi að ýmsir þættir sem teljast nauðsynlegur hluti tónlistarlífsins, svo sem stuðningur við tónleikastaði, gerð tónlistarmyndbanda, tónsmíðar og ákveðinn hluti nýrra hljóðritana hafa ekki talist styrkhæfir.** Einnig kom fram að mörk milli hinna ólíku sjóða væru á köflum óskýr, og að bæta mætti leiðbeiningar til umsækjenda og gagnsæi hvað úthlutunarferli varðar. Var þar sérstaklega horft til Norsk Kulturfond sem fyrirmynd að æskilegu fyrirkomulagi.

Greining á fjárförf verkefna sem sótt hafa um í Tónlistarsjóð og Hljóðritasjóð á árunum 2014-2020, leiddi í ljós að fjárförf til úthlutana úr þeim sjóðum eingöngu er meira en 2,5 milljarðar króna á tímabilinu, samkvæmt rannis.is, þrátt fyrir að Hljóðritasjóður hafi ekki verið settur á laggirnar fyrr en 2016.

Er það mat starfshópsins að verulega þurfi að bæta við úthlutunarfé sjóðanna ásamt því að ný, öflug Tónlistarmiðstöð felur í sér aukna fjárförf. Í þessari skýrslu er gengið út frá því að tekjur ríkissjóðs af innheimtu virðisaukaskatts á tónlistarstarfsemi, áætlaðar um 830

milljónir króna árlega, renni til úthlutana úr Tónlistarsjóði (um 570 milljónir króna) og til starfsemi Tónlistarmiðstöðvar (um 220 milljónir rekstur + 40 milljónir í ferðasjóð = 260 milljónir).

Mikilvægt er að auka frammistöðumælingar sjóða til þess að sýna fram á árangur styrkja, bæði vegna stefnumörkunar og þróunarvinnu, en einnig til þess að gera aðgengilegar upplýsingar um hversu vel fjárfestingin skilar sér út í samfélagið.


Tíðni úthlutana var einnig rýnd, og komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að ákjósanlegt væri að úthlutanir ólíkra styrkja væru samstilltar í tíma, bæði til hagræðingar fyrir umsækjendur og þannig að mögulegt sé fyrir úthlutunarnefndir að bera saman bækur sínar áður en til úthlutana kemur. Starfshópurinn telur það til bóta að úthlutunarnefndir hafi sameiginlega yfirsýn yfir umsóknir og hefur trú á að slíkt auki skilvirkni.

Í núverandi fyrirkomulagi eru starfræktir þrjú opinberir tónlistarsjóðir, Tónlistarsjóður, Útflutningssjóður og Hljóðritasjóður. Einnig eru starfræktir starfslaunasjóðir tónskálda- og tónlistarflytjenda, ásamt endurgreiðslusjóði hljóðritana. Starfshópurinn ákvað að einskorða endurskoðun sjóðaumhverfis við hina þrjá fyrstnefndu.

Var það samhljóða álit starfshópsins að æskilegt væri að sameina Tónlistarsjóð, Hljóðritasjóð og markaðshluta Útflutningssjóðs í einn nýjan Tónlistarsjóð, en að honum yrði skipt í fjórar deildir sem hefðu ólíkar áherslur. Ein deildanna verði ný af nálinni og leggi áherslu á nauðsynlega uppbyggingu innviða tónlistariðnaðarins. Umsýsla ferðastyrkja, innanlands og utan, verði á höndum Tónlistarmiðstöðvar. Starfshópurinn telur tillögur um nýtt fyrirkomulag koma til móts við kröfur um aukna skilvirkni og gagnsæi, ásamt hinu augljósa að aukið úthlutunarfé hleypi krafti í íslenskt tónlistarlíf.

Einnig var það niðurstaða starfshóps að sjóðsumsýsla skyldi áfram vera hjá Rannís, en ekki á borði Tónlistarmiðstöðvar. Með því væri armslengdarlög máli fylgt og fagleg umsýsla sjóðsins tryggð. Þó er talið nauðsynlegt að rýna umsýslukostnað, auka gagnsæi í úthlutunarferli og skýra úthlutunar- og verklagsreglur. Í þessu samhengi bendir starfshópurinn sérstaklega á fyrirkomulag og framsetningu [Norsk Kulturfond](#) og [Canada Council for the Arts](#).

Tillögu starfshóps að nýjum Tónlistarsjóði og fyrirkomulag á skiptingu úthlutunarfrjár má sjá á eftirfarandi skýringarmynd:



Niðurstöður

Það er trú starfshópsins að stofnun Tónlistarmiðstöðvar og nýs Tónlistarsjóðs samkvæmt því fyrirkomulagi sem lagt er til í skýrslu þessari, muni veita nýjum og auknum krafti til uppbyggingar og styrkingar íslensks tónlistarumhverfis og koma til móts við augljósar þarfir íslensks tónlistarlífs og tónlistariðnaðar.

Það eru tilmæli starfshópsins að þegar til stofnunar Tónlistarmiðstöðvar kemur verði skipaður hópur fag- og hagaðila er gangi frá endanlegum samþykktum stofnunarinnar, skipan stjórnar hennar og öðru lögformlegu fyrirkomulagi.

Til þess að Tónlistarmiðstöð og Tónlistarsjóður geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi, þarf þó að koma til öflugur fjárstuðningur frá hinu opinbera og hefur starfshópurinn gert grein fyrir fjárþörf og möguleikum fjármögnunar í þessari greinargerð.

Að lokum leggur starfshópurinn til að tafarlaust verði hafin smíði frumvarps að Tónlistarlögum sem m.a. skilgreini aðkomu stjórnvalda að Tónlistarmiðstöð, Tónlistarsjóði og tónlistarstefnu.

Fylgiskjöl

1. Rýni og greining á fyrirliggjandi sjóðakerfi
2. Ályktun stjórnar Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar
3. Skilagrein starfshóps um Tónlistarborgina Reykjavík
4. Skýrslan *Áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað*
5. Skýrsla úr CISION um virði umfjöllunar um íslenska tónlist og -tónlistarfólks (sótt: <https://app2.cision.com/report?id=b9186e62-c784-4f69-9541-80c17da7a430&fbclid=IwAR2zHL6LUT8yuiaFd2PKUGqJKUakzpjAPIG6xrKx74NqVJ7LTnEo6YY0uGU> þann 4. mars 2021)
6. Upplagseftirlit 2019, Unnið fyrir Félag hljómplötuframleiðenda í apríl 2020
7. Frumvarp að lögum um tónleikastaði (DK)
8. *Culture shock: COVID-19 and the cultural and creative sectors* (OECD)

Aðstoð við myndræna framsetningu: Margot Mangin